

urum boðið annarsvegar að gæta þess, að mál ekki sjeu tekin ófyrirsynju upp til dóms, og hins vegar, að málið ekki dragist ótilhlýðilega, og eiga þeir ekki að veita frest, ef það er alveg ljóst, að málið ekki getur orðið betur skýrt.

Í þessu máli virðist það nú ekki að vera alveg ljóst, að áfrýjandi ekki hefði getað skýrt málið betur, ef hann hefði fengið hinn umbeðna frest, og verður því ekki hjá komizt, að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ógildan og þá líka að dæma dóminn og alla meðferð málsins, frá því að úrskurðurinn frá 15. desbr. 1888 var uppkveðinn, ómerkt, og að vísa málinu heim aptur og skylda dómarann til þess að fyrirtaka það aptur eins og því var komið 15. des. f. á., áður en úrskurðurinn var upp kveðinn. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hjerasdómaranum ber að taka mál þetta fyrir aptur, og koma því í það horf, er það var 15. des. f. á., áður en áfrýjanda var neitað um frest í málinu, og veita honum hæfilegan frest til andsvara. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 48/1889.

Hannes Hafstein  
fyrir hönd Alex. Mc. Glashan & Son  
gegn  
Jóhönnu Kr. Bjarnason.

D ó m u r :

Þegar dánar- og fjelagsbúi hinnar stefndu, ekkju-

frúar Jóhönnu Kr. Bjarnason, og manns hennar látins, Hákonar kaupmanns Bjarnasonar frá Bildudal, var undir skiptum milli ekkjunnar og barna hennar árið 1887, og innköllun til skuldaheimtumanna hafði verið út gefin í búinu, lýsti áfrýjandinn, kand. jur. Hannes Hafstein, í búinu verzlunarskuld til handa umbjóðanda sínum, verzlunarhúsinu Alex. Mc. Glashan & Son í Granton, að upphæð 9265 kr. 20 a., er hann krafði sjer greiddar úr búinu. En með úrskurði skiptarjettarins í Reykjavík, er hafði búið til meðferðar, upp kveðnum 21. júlí f. á., eptir að innköllunarresturinn til skuldaheimtumanna var út runninn, var svo álitid, að áfrýjandinn hefði eigi sýnt nægilegt umboð til að krefja dánarbúið um skuldina, »og bæri eptir því að álíta, að krafa þessi væri alls eigi fram komin á hendur búinu frá Alex. Mc. Glashan & Son», og var því úrskurðað svo, að krafa áfrýjandans um, að hin umrædda skuld yrði greidd úr búinu, yrði eigi tekin til greina.

Í janúar þ. á. höfðaði síðan áfrýjandinn mál gegn stefndu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur út af hinni sömu verzlunarskuld, og krafðist þess, að hún yrði dæmd til að greiða sjer fyrir hönd umbjóðenda sinna alla skuldina 9265 kr. 20 a. eða til vara það af skuldinni, er komið hefði í hennar hlut að greiða, ef kröfunni hefði eigi verið vísað frá við skiptin á búi hennar og manns hennar með áðurnefndum skiptarjettarúrskurði. Var það mál dæmt á bæjarþinginu 16. maí þ. á. á þá leið, að stefnda var sýknuð af kröfu stefnandans, með því að hinni umstefndu skuld hefði eigi verið löglega lýst í tækan tíma eptir innköllun til skuldaheimtumanna í dánar- og fjelagsbúi hennar og manns hennar.

Nú hefur áfrýjandinn með stefnu dags. 16. ágúst

p. á. skotið þessum dómi til yfirrjettarins og í sambandi þar við einnig fyrnefndum úrskurði skiptarjettarins í Reykjavík 21. júlí f. á., og krafizt þess, að ummæli úrskurðarins, «að álíta beri, að hin umrædda krafa Alex. Mc. Glashan & Son í Granton sje alls eigi framkomin á hendur fjelagsbúi Jóhönnu Bjarnason og manns hennar sáluga», sje úr gildi felld, að því er snertir hina stefndu, og hvorki þau nje paraðlútandi álit eða ákvæði skiptarjettarins verði látið ráða neinu um úrslit þessa máls, að hin stefnda verði dæmd til að greiða Alex Mc. Glashan & Son principaliter 9265 kr. 20 a., subsidiært 6176 kr. 80 a., hvorttveggja með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og að stefnda verði dæmd til að greiða sjer málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins. Hin stefnda hefur mótmælt kröfum þessum, en krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og sjer tildæmdur hæfilegur málskostnaður hjá mótpartinum.

Yfirdómurinn verður nú að álíta, að aðferð sú, er áfrýjandinn hefur viljað við hafa í máli þessu, að áfrýja í einu til yfirdómsins áðurnefndum skiptarjettarúrskurði og bæjarþingsdómi, eigi ekki við lög að styðjast og verði að teljast ólögleg málasamsteypa, og þar sem kröfur áfrýjandans eru eigi svo orðaðar, að hægt sje að vísa málinu að eins frá að nokkrum hluta, en leggja dóm á hinn hluta málsins, þá verður ex officio að vísa málinu í heild sinni frá yfirdómi. Eptir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu í kost og tæring 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn,

kand.juris Hannes Hafstein, greiði stefndu, ekkjufrú Jóhönnu Kr. Bjarnason, 10—tíu—krónur í kost og tæring.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvembermán.

Nr. 40/1889

Ingibjörg Grímsdóttir

gegn

uppboðs- og skiptaráðandanum í  
Reykjavík fyrir hönd protabús  
Gunnlaugs Stefánssonar.

D ó m u r :

Hinn 27. okt. f. á. var að ráðstöfun skiptarjettarins í Reykjavík, sem hafði til meðferðar protabú Gunnlaugs kaupmanns Stefánssonar, haldið 2. uppboð á húseigninni nr. 3 í Þingholtsstræti í Reykjavík, er nefnt protabú taldi sína eign, en á þessu uppboði mætti áfrýjandinn, ekkjan Ingibjörg Grímsdóttir í Reykjavík, og mótmælti sölu á hálfri húseigninni, sem hún kvað sig rjettan eiganda að samkvæmt samningi 20. nóv. 1886, milli hennar og hins gjaldprotá, Gunnlaugs kaupmanns Stefánssonar. Um þessi mótmæli var síðan á 3. uppboðinu á húseigninni, 10. nóv. f. á., kveðinn upp úrskurður fyrir uppboðsrjetti Reykjavíkur svo hljóðandi, að mótmæli áfrýjandans bæri eigi að taka til greina; en þeim úrskurði hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins og gjört þar þær rjettarkröfur, að mótmæli hennar fyrir uppboðsrjetti Reykjavíkur 27. okt. f. á., gegn sölu hins umþráttada húshelmings, verði að öllu leyti tekin